

Til bæjarráðs

Fyrirspurn Garðabæjarlistans um uppfærslu rafrænna umsókna og umsóknareyðublaða sveitarfélagsins til samræmis við lög nr. 38/2018, Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hvað hefur verið gert til þess að tryggja að hægt sé að sækja um þjónustu hjá félagsþjónustunni í samræmi við lög nr.38/2018 hvað varða rafrænar umsóknir og umsóknareyðublöð hjá Garðabæ.

Þar er til að mynda ekki hægt að sækja um stoðþjónustu eða notendasamninga. Fyrir vikið hefur borið á því að fólk sé leiðbeint að sækja rafrænt um þjónustu sem fellur undir stuðningsþjónustu félagsþjónustulaga, sem er almennt minni í sniðum en stoðþjónusta í lögum nr. 38/2018 og til staðar gjaldtökuheimild, og það fái afgreiðslu um stuðning sem samræmist ekki þörfum þess.

Uppfærslan er brýn þar sem að málsmeðferðarreglur, skyldubundið mat, ákvæði um hæfi starfsfólks og fræðslu, málskot og fleira er ólíkt á milli laga og getur ráðið miklu um aðgengi fólks að lögbundnum rétti.

Svar:

Á vefsíðunni *minn gardabaer.is* er hægt að sækja um notendasamning vegna þjónustu við fatlað fólk, en sú umsókn varð aðgengileg á vef Garðabæjar þann 20.08.2020.

Á vegum sveitarfélaganna í kraganum hefur að undanförmu verið unnið að gerð reglna um stuð- og stoðþjónustu við fatlað fólk. Í þeirri vinnu hefur verið stuðst við reglur er Reykjavíkurborg hefur samþykkt. Stefnt er að því að setja drög að reglum Garðabæjar fyrir notendaráðin (öldungaráð og samráðshóp um málefni fatlaðs fólks) í janúar. Í framhaldinu verða drögin tekin fyrir í fjölskylduráði og er stefnt að því að það geti orðið í febrúar.

Þegar reglurnar hafa verið samþykktar verða eyðublöð fyrir umsóknir endurskoðuð.

Eyðublöðin,sem fyrirspurnin snýr að, fara í endurskoðun þegar reglurnar hafa verið samþykktar og eyðublöðin byggð á þeim sem síðan verða aðgengileg á vefsíðu bæjarins.